



Stjórn SSH 499. fundur

Mánudaginn 6. júlí 2020, kl. 12:00, kom stjórn SSH saman til fundar á skrifstofu SSH, Hamraborg 9.

Fundinn sátu: Ármann Kr. Ólafsson, Ásgerður Halldórsdóttir, Dagur B. Eggertsson, Haraldur Sverrisson stjórnarmenn í SSH og Rósa Guðbjartsdóttir formaður stjórnar. Gunnar Einarsson tók þátt með fjarfundarbúnaði. Þá Páll Björgvin Guðmundsson framkvæmdastjóri SSH og Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfræðingur SSH sem tók þátt með fjarfundarbúnaði og ritaði fundargerð. Karl M. Kristjánsson boðaði forföll.

Formaður setti fund og gengið var til dagskrár.

1. Stjórnsýsla byggðasamlaga / málsnr. 1912001

Fyrirliggjandi er skýrsla Strategíu um skipulag og stjórnarhætti byggðasamlaga á höfuðborgarsvæðinu, en drög að henni voru kynnt á 497. fundi stjórnar SSH hinn 18. maí. Á 498. fundi stjórnar SSH hinn 8. júní 2020 var eftirfarandi niðurstaða bókuð: *Skýrsla Strategíu verður send kjörnum fulltrúum í borgar- og bæjarráðum til kynningar.* Skrifstofa SSH sendi skýrsluna ásamt minnisblaði og fylgibréfi til umræðu og kynningar hjá borgar- og bæjarráðum hinn 12. júní sl. og kynning og umræða á grundvelli þeirra hefur farið fram.

Áframhaldandi umræða.

Niðurstaða fundar:

Stjórn samþykkir að unnið verði áfram að verkefninu samkvæmt þeirri innleiðingaráætlun sem fyrir liggur og er hluti af tillögugerð fyrirbyggjandi skýrslu. Hafist verði handa við verklið 3 samkvæmt innleiðingaráætluninni við kortlagningu og úrfærslu verkefna sem einstök byggðasamlög sinna og eiga að sinna áfram. Á sama tíma verði tekin umræða um þau verkefni sem unnið verður með utan byggðasamlaganna. Samhliða kortlagningu og úrfærslu verkefna verða mótaðar tillögur að fulltrúaráði samkvæmt verklið 4 og öðrum stjórnareiningum eins og við á og tímabært er samkvæmt verkliðum 5 og 6 – sem og fræðsla til kjörinna fulltrúa samkvæmt verklið 9.

Þegar niðurstöður ofangreindrar vinnu liggja fyrir verði tekin fyrir endanleg ákvörðun af hálfu sveitarfélaganna um hvaða sviðsmynd verði fyrir valinu - ásamt tillögu um aðgerðaráætlun samkvæmt verklið 7 og innleiðingu samkvæmt henni sbr. verklið 8.

Lögð verður eins og áður áhersla á viðtækt samráð við kjörna fulltrúa sveitarfélaganna og er framkvæmdastjóra falið að leggja fyrir stjórn á næsta fundi nánari útfærslu á vinnulagi. Minnisblað framkvæmdastjóra vegna þess verður lagt fyrir næsta fund stjórnar SSH.

2. Málefni skíðasvæðanna / málsnr. 1501005



Gestur fundarins undir þessum lið er Magnús Árnason, framkvæmdastjóri Skíðasvæða höfuðborgarsvæðisins.

Á 498. fundi stjórnar SSH hinn 8. júní 2020 var bókuð eftirfarandi niðurstaða: *Stjórn heimilar að farið verði í útboð skv. liðum b), c) og d).* Um er að ræða eftirfarandi útboð:

- a) Invitation to Tender No. 14347. Purchase and installation of ski lifts for The Reykjavík Capital Area Ski-Areas.
- b) Invitation to Tender No. 14348. Purchase of snow-making system for The Reykjavík Capital Area Ski Areas.
- c) Útboð númer 14867 – Borun vinnsluholu fyrir snjóframleiðslu.

Vinna við undirbúning útboða hefur staðið yfir, og farið hefur verið yfir leyfisveitingar, ferla og kostnaðaráætlun vegna þessa, og liggja gögn þar að lútandi fyrir fundinum. Páll Björgvin Guðmundsson, framkvæmdastjóri SSH, kynnir nánar þá vinnu sem farið hefur fram.

Umræður.

Niðurstaða fundar:

Lagt fram til kynningar, útboð fari fram á grundvelli ákvörðunar 498. fundar stjórnar SSH og þess samkomulags um uppbyggingu sem er í gildi.

3. Samgöngusáttmálinn/ málsnr. 2003010

Ný samgönguáætlun og frumvarp um heimild til að stofna opinbert hlutafélag um uppbyggingu samgönguinnviða á höfuðborgarsvæðinu hefur verið samþykkt á Alþingi.

Umræður.

4. Undirbúningur Borgarlínu / málsnr. 1903002

Gestur fundarins undir þessum lið er Hrafnkell Á Proppé, verkefnastjóri Borgarlínu. Fyrir liggur uppgjör vegna undirbúnings Borgarlínu fram til 1. júní 2020.

Umræður.

Niðurstaða fundar:

Lagt fram og kynnt

5. Hlutverk landshlutasamtaka sveitarfélaga

Fyrirliggjandi er greinargerð Strategíu um stjórnarhætti landshlutasamtaka sem unnin var fyrir samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytið, ásamt drögum að skýrslu samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytisins: Landshlutasamtök sveitarfélaga – Staða og hlutverk. Óskað er eftir viðbrögðum og athugasemdum við skýrsludrögin og sér í lagi tillögum sem lagðar eru til í 5. kafla þeirra. Umsagnarfrestur við skýrsludrögin er til 21. ágúst 2020.



Umræður.

Niðurstaða fundar:

Frekari úrvinnslu er vísað til formanns stjórnar og framkvæmdastjóra. Tekið aftur fyrir á fundi stjórnar í ágústmánuði.

6. Sóknaráætlun 2020-2024 / málsnr. 1906002

- a) Meðal áhersluverkefna í sóknaráætlun 2020 – 2024 er að stofna sjóð til að styðja við nýsköpunarverkefni á sviði ferðaþjónustu og sjálfbærni. Fyrir liggur minnisblað um þetta verkefni auk draga að starfsreglum slíks sjóð. Framangreint kom einnig til umræðu á 498. fundi stjórnar SSH hinn 8. júní 2020, en afgreiðslu málsins var frestað.

Umræður.

Niðurstaða fundar:

Stjórn samþykkir að veita umrædda nýsköpunarstyrki á grundvelli fyrirbyggjandi starfsreglna.

- b) Fyrir liggur bréf frá samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytinu varðandi aukaframlag til sóknaráætlana landshluta vegna Covid-19.

Niðurstaða fundar:

Lagt fram til kynningar

7. Erindisbréf – rekstraráætlun Strætó bs. / málsnr. 1911002

Á 23. eigendafundi Strætó bs. dags. 25. maí 2020 var framkvæmdastjóra SSH falið að vinna drög að erindisbréfi hóps sem hefði það verkefni að vinna að uppfærðri rekstrar- og tímaætlun Strætó bs. Drög að slíku erindisbréfi liggja fyrir fundinum. Framangreint kom einnig til umræðu á 498. fundi stjórnar SSH hinn 8. júní 2020, en afgreiðslu málsins var frestað.

Umræður.

Niðurstaða fundar:

Umrædd drög að erindisbréfi eru samþykkt með breytingartillögum og er framkvæmdastjóra falið að annast endanlega útfærslu þess í samráði við stjórn.

8. Úttekt á stjórnun og stjórnarháttum Sorpu bs. / málsnr. 1911002

Á 498. fundi stjórnar SSH hinn 8. júní 2020 varðaði 7. dagskrárliður úttekt á stjórnun og stjórnarháttum Sorpu bs. Eftirfarandi niðurstaða var bókuð á fundinum:



Skrifstofu SSH falið að vinna minnisblað um þær úttektir sem þegar hafa verið gerðar og hugsanleg næstu skref.

Slíkt minnisblað liggur fyrir fundinum. Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfræðingur SSH kynnr umrætt minnisblað.

Umræður.

Niðurstaða fundar:

Lagt fram og kynnt.

9. Mat og rýni á framfylgd svæðisskipulags höfuðborgarsvæðisins / málsnr. 2002005

Gestur fundarins undir þessum lið er Jón Kjartan Ágústsson, svæðisskipulagsstjóri.

Á 94. fundi svæðisskipulagsnefndar höfuðborgarsvæðisins dags. 19.06.2020 var lögð fram skýrsla ALTA: Mat og rýni á framfylgd svæðisskipulags höfuðborgarsvæðisins. Svæðisskipulagsnefnd samþykkti að vísa skýrslunni til stjórnar SSH og er skýrslan, auk kynningar á henni og minnisblaðs svæðisskipulagsstjóra lögð fram. Jón Kjartan Ágústsson kynnr ofangreint.

Umræður.

Niðurstaða fundar:

Skýrslu ALTA er vísað til svæðisskipulagsstjóra til áframhaldandi rýni og vinnslu. Tekið aftur til umræðu í septembermánuði.

10. Fundargerð svæðisskipulagsnefndar

Gestur fundarins undir þessum lið er Jón Kjartan Ágústsson, svæðisskipulagsstjóri.

Fundargerð 94. fundar svæðisskipulagsnefndar höfuðborgarsvæðisins hinn 19. júní 2020 lögð fram til kynningar.

Niðurstaða fundar.

Lagt fram til kynningar.

11. Reiðleiðir á höfuðborgarsvæðinu / málsnr. 2003001

Gestur fundarins undir þessum lið er Jón Kjartan Ágústsson, svæðisskipulagsstjóri.

Fyrir liggur erindi reiðveganefndar Fáks dags. 2. júní 2020 þar sem óskað er eftir að Stjórn SSH láti vinna viðbót við áður samþykktar hönnunarleiðbeiningar um göngu- og hjólastíga er varðar útfærslur á reiðleiðum með öryggi hestamanna í huga.



Umræður.

Niðurstaða fundar:

Erindinu er vísað til Vinnuhóps um stofn hjóla- og göngustíga höfuðborgarsvæðisins til umsagnar.

12. Skilavegir – yfirfærsla vega til sveitarfélaga / málsnr. 1910012

Lagt fram til kynningar:

Fundargerðir 1.–6. fundar Starfshóps um skil vega.

Minnisblað vegna tillögu Vegagerðarinnar um skilavegi.

Páll Björgvin Guðmundsson, framkvæmdastjóri SSH, kynnir tilhögun þeirrar vinnu sem nú fer fram.

Umræður.

Niðurstaða fundar.

Lagt fram til kynningar.

13. Fundargerð stjórnar Sorpu bs.

Lagðar fram til kynningar ásamt fundargögnum:

Fundargerð 428. fundar stjórnar Sorpu bs. hinn 2. júní 2020.

Fundargerð 429. fundar stjórnar Sorpu bs. hinn 22. júní 2020.

14. Fundargerðir stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga

Lögð fram til kynningar:

Fundargerð 885. fundar stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga hinn 12. júní 2020.

15. Fundargerðir Samstarfsnefndar Skíðasvæða höfuðborgarsvæðisins

Lagt fram til kynningar:

Fundargerð 383. fundar stjórnar Samstarfsnefndar Skíðasvæða höfuðborgarsvæðisins 27. maí 2020.

Fundargerð 384. fundar stjórnar Samstarfsnefndar Skíðasvæða höfuðborgarsvæðisins 3. júní 2020.

Rekstraruppgjör Skíðasvæða höfuðborgarsvæðisins 2019 sem lagt var fyrir 384. fund.

16. Önnur mál

Umræða um fyrirkomulag funda og hvort rétt sé að breyta tíðni þeirra eða tímasetningu.



Niðurstaða fundar:

Formanni og framkvæmdastjóra falið að skoða og útfæra nánar.

Fleira var ekki gert og fundi slitið kl. 13:20